

**10. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í fundarherbergi 1. hæð,
Stillholti 16-18,
20. apríl 2015 og hófst hann kl. 16:00**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Valgarður L. Jónsson aðalmaður, Kristín Sigurgeirs dóttir áheyrnarfulltrúi, Karitas Jónsdóttir varaáheyrnarfulltrúi, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1503091 - Nýlendureitur - útboð

Eftirfarandi tilboð bárustu í verkið:

Skóflan h.f., kr. 13.620.000

Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar ehf., kr. 12.576.600

Þróttur ehf., kr. 11.916.705

Kostnaðaráæltun kr. 11.952.000

Sviðsstjóra skipulags-og umhverfissviðs falið að ganga til samninga við lægstbjóðenda.

2. 1502233 - Sláttur, 2015 -2017

Eftirfarandi tilboð bárust í verkið:

Grastec ehf., kr. 30.851.240

Þróttur ehf., kr. 31.764.511

Gísli Stefán Jónsson ehf., kr. 29.575.571

Kostnaðaráætlun kr. 32.986.101

Sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs falið að ganga til samninga við lægstbjóðenda.

3. 1503199 - Gjaldskrár á skipulags- og umhverfissviði - endurskoðun

Eftirfarandi var lagt fram til kynningar:

Drög að breyttri gjaldskrá á gatnagerðargjaldi og stofngjaldi fráveitu fyrir Akraneskaupstað.

Drög að nýjum reglum um lóðaveitingar.

4. 1411071 - Framkvæmdaáætlun 2015 - ráðstöfun fjármuna

Farið var yfir stöðu framkvæmda á árinu 2015. Samþykkt að halda almennan íbúafund um áætlunina á næsta fundi ráðsins sem verður 30. apríl n.k.

5. 1401166 - Faxabraut 3 - leiga/sala á húsnæði

Tvö tilboð hafa borist, sviðstjóra falið að vinna málið frekar.

Næsti liður er til umfjöllunar á sameiginlegum fundi með bæjarráði og bæjarstjórn.

6. 1401204 - Deilisk.- Breiðarsvæði - Lóðir HB Granda

Kynning greinarhöfunda frá VSÓ um lyktarmengun frá fiskþurrkun HB Granda.

Yfirferð VSÓ á greinargerð sinni um hugsanleg lyktarvandamál tengd fiskþurrkun HB Granda á Akranesi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:30.

Eva Þóðrún

Rakel Óskarsdóttir

Karitas Jónsdóttir

Valkaður S. Guðrún

Sig. P. A.

Thóristín Sigurðardóttir

Lafdis Sigurðardóttir